



Laufríðingur

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

14. árg. 2005 3.tbl

SÍÐASTA BIRKIHRÍSLAN
Á ÖXNADALSHEIÐI

ÁSDÍSARLUNDUR

AFHJÚPUN MINNISVARÐA
Á HALLORMSSTAÐ

AFMÆLI SKÓGRÆKTAR-
FÉLGAS EYFIRÐINGA

SKÓGRÆKTARFÉLGA EY-
FIRÐINGA SEMUR UM
JÖRÐINA SAURBÆ

STÓRGJÖF PÁLS SAMÚELS-
SONAR Í ESJUHÍÐAR

15 MILLJÓNASTA PLANTA
LANDGRÆÐSLUSKÓGA

FERÐ STJÓRNAR SÍ
UM RANGÁRVELLI

SVEPPIR Á INGJALDSHÓLI

OPINN SKÓGUR Á
HÖFSSTÖÐUM

SVIFRYK OG BORGARSKÓGAR

ÞRÁNDARSTAÐIR LEIGÐIR
SKÓGRÆKTARFÉLÖGUNUM

TÍMAMÓTASAMNINGUR UM
JÓLATRÉ VIÐ BLÓMAVAL

UPPGJÖR 75 ÁRA AFMÆLIS.
FJÖLGUN FÉLAGS-
MANNA TÓKST VEL

FYRIRHUGÐUÐ FERÐ TIL
RÚSSLANDS –
ARKHANGELSK, RAI-
VOLA OG PÉTURSBORG

HEKLUSKÓGAR

YRKJUSJÓÐUR.
GÓÐ ÞÁTTTAKA OG
GERÐ VEFSÍÐU

Mikil aðsókn að jólaskógum skógræktarfélaganna



(Mynd Haraldur Þ. Stefánsson og Jóhann Frimann Gunnarsson)

Á aðventunni tóku mörg skógræktarfélög á móti fólki í skóginn til þess að velja sitt eigið jólatré. Fjöldi fólks sækir orðið í skóglendi félaganna til að velja sér ferskt, nýhöggt jólatré. Þá er það vinsælt hjá fyrirtækjum og starfsmannafélögum að skipuleggja fjölskylduferðir í skóginn, þar sem hægt er að komast út úr erli jólaundirbúningsins út í náttúruna að velja saman jólatré. Skógræktarfélagin afla með þessu tekna til að standa straum af starfsemi sinni, en fyrir hvert selt jólatré geta félagin gróðursett 30-40 ný tré. Framleiðsla og sala jólatrjáa er nú ein helsta tekjulind skógræktarfélaganna.

Þessar myndir voru teknar þegar starfsmenn Toyota komu í sína 11. heimsókn í jólaskógin í Brynjudal. Slíkar heimsóknir eru sannkallaðar fjölskylduhátíðir, sem hafa unnið sér sess sem upphaf jólaundirbúningsins á mörgum heimilum.





ÍSLENSKUR VERULEIKI

KB banki telur mikilvægt að leggja sitt af mörkum
til uppgræðslu landsins og styrkir því skógrækt á Íslandi.

75 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands

Haldið var upp á afmæli Skógræktarfélag Íslands með ýmsum hætti á árinu. Gefinn var út kynningarbæklingur *Á grænni grein* sem sendur var öllum aðildarfélögum og gátu þau fengið bæklinga eftir þörfum. Nýttist hann vel við félagasöfnun nýrra félagsmanna sem var meginþema afmælisársins. Starfsmenn og sjálfboðaliðar skógræktarfélaganna stóðu fyrir kynningu sumardaginn fyrsta og nokkrar helgar þar á eftir í stórmörkuðum. Þá tóku einstaka skógræktarfélag á landsbyggðinni sig til og unnu að kynningu og öflun nýrra félaga. Afrakstur átaksins skilaði um 700 nýjum félagsmönnum sem er 10% aukning. Ljóst er að áfram verður að vinna að öflun félaga með markvissum hætti enda nýtur málstaðurinn mikils hljómgrunns í þjóðfélaginu og margir tilbúnir að leggja skógrækt lið með einum eða öðrum hætti.

Í tilefni afmælisins var í mars s.l. opnuð af umhverfis- og landbúnaðarráðherra heimasíða félagsins *Skógrækt í sátt við umhverfið* - leiðbeiningarvefur um nýræktun skóga.

Á afmælisdag félagsins þann 27. júní var svo haldin hátíð í Vinaskógi á Þingvöllum en auk þess héldu allmörg félög upp á daginn með því að efna til hátíðardagskrár og stóðu að táknrænni gróðursetningu í tilefni tímamótanna. Þess má geta að félaginu barst storgjöf þegar Páll Samúelsson – Toyota gaf sem svarar 35 þúsund trjáplantna sem gróðursettar verða í Esjuhlíðum.



Skógræktarfélagin rækta skóg í öllum landshlutum. Þau eru nú 59 talsins og að afloknu 75 ára afmælinu, með rétt um 8000 einstaka félagsmenn. Eitt aðildarfélag starfar í Ólafsvík, Skógræktarfélag Ólafsvíkur. Það hefur náð góðum árangri í skógræktarstarfinu og er þar að vaxa úr grasi fallegur útivistarskógur. Á myndinni eru Magnús Eiríksson formaður félagsins ásamt Ólafi Helga Ólafssyni sem hefur annast skógræktarstarfið undanfarin sumur við fallett sitkagrenitré á ræktunarsvæði félagsins. (Mynd JGP)

Laufblaðið

Fréttablað, 14. árgangur. 3. tölublað 2005.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands,
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150,
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Jón Geir Pétursson, skógfræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Jóhann Frímánn Gunnarsson.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn,

kjörin á aðalfundi 2005.

Magnús Jóhannesson formaður,
Magnús Gunnarsson varaformaður,
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.
Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir,
Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður
Yngvadóttir. Varamenn: Hólmfríður
Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson,
Páll Ingbór Kristinsson.

Gefið út í 8000 eintökum.


Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt
tímarit fyrir alla
skóg- og trjáræktendur

Allir nýir áskrifendur fá glaðning.

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.

Nánari upplýsingar á www.skog.is.



Skógræktarritið er bæði fyrir læra og leika. Magnús Jón Árnason skógarbóndi mælir óhikað með því.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF



KB BANKI



HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is



Tímamót: Landgræðslu- skógar gróð- ursetja 15 milljónustu trjáplöntuna

Landgræðsluskógar eru umfangsmesta skógræktarverkefni skógræktarfélaganna. Á vegum verkefnisins hafa verið gróðursett árlega 800 þúsund til 1 milljón trjáplöntur. Verkefnið hefur starfað af krafti frá árinu 1990 og er árangur þess nú kominn í ljós á þúsundum hektara uppvaðandi skóga um allt land.

Víða eru Landgræðsluskógasvæðin að þróast yfir í útivistarsvæði, en öll svæði verkefnisins eru opin almenníngi. Landgræðsluskógarnir verða því í framtíðinni sannkallaðir almenníngsskógar þar sem fólk er velkomid að njóta útiveru í hlýlegu umhverfi skóganna.

Í sumar var gróðursett 15 milljónasta trjáplantan í verkefninu. Að því tilefni var haldin hátíð í Garðabæ, á svipuðum slóðum og fyrsta plantan var gróðursett. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gróðursetti trjáplöntuna, en viðstaddir voru fjöldamargir brautryðjendur verkefnisins.



Landgræðsluskógaverkefninu var hleypt af stökkunum í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Ísland. Sérstök samráðsnefnd var skipuð og bar hún hitann og þungann af því að koma verkefninu á laggirnar. Hana skipuðu Sigurður Blöndal, Hulda Valtýsdóttir, Sveinn Runólfsson og Sveinbjörn Dagfinnsson. Með þeim á myndinni eru Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Magnús Jóhannesson formaður og Baldur Guðnason forstjóri Eimskip. Eimskipafélag Íslands lagði fram stóra fjáruþphæð í upphafi Landgræðsluskógaverkefnisins og átti þannig stóran þátt í að gera skógræktarfélagunum kleift að ráðast í verkefnið.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gróðursetur 15 milljónustu trjáplöntu Landgræðsluskóga, fallegan reynivið (Mynd JGP)



**Sláttuvélamarkaðurinn Hvellur.com,
Amerísk gæðavara – Briggs & Stratton mótórar.**



HVELLUR.com
...í einum grænum

G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6, Reykjavík
Sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

Fjölmenn Nýfundnaland- ferð Skógræktarfélagsins



Nýfundnalandssfarar í Sir Robert Bond Park í Whitbourne, daginn fyrir heimför.
(Mynd Alexander Robertsson)

Dagana 11.-20. ágúst þessa árs fór friður flokkur 86 skógræktaráhugamanna – og kvenna til Nýfundnaland. Ferðin var skipulögð í samráði við Íslandsvininn Alexander (Sandy) Robertsson, sem býr á Nýfundnalandi. Hann var einnig leiðsögumaður í ferðinni, en um íslenska fararstjórn sáu Einar Gunnarsson og Jón Geir Pétursson hjá Skógræktarfélagi Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson á Mógilsá, sem einnig var túlkur.

Í ferðinni var gert víðreist um Nýfundnaland og heppnaðist hún mjög vel í alla staði, veðrið lék við hópinn nær allan tímann og margt áhugavert var skoðað tengt skógum, skógrækt og skógariðnaði.

Einnig var fræðst almennt um náttúru og sögu Nýfundnaland og má þar helsta telja heimsóknir í Gros Morne þjóðgarðinn og Leifsbúðir (L'Anse aux Meadows), en þeir staðir eru báðir á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Fyrir afkomendur víkinga var heimsóknin í Leifsbúðir að sjálfsögðu einn af hápunktum ferðarinnar.

Nýfundlendingar reyndust góðir viðkynningar og er hiklaust hægt að mæla með því að fleiri Íslendingar leggi leið sína til þessara nágranna okkar í vestri. Í nýútkomnu Skógræktarriti er fjallað ítarlega um ferðina og eins verður fjallað um skóga og skógrækt á Nýfundnalandi í næsta tölublaði.

Ásdísarlundur í Miðfirði

Flestir Íslendingar kannast við Gretti sterka Ásmundarson frá Bjargi í Miðfirði. Ásdís, móðir hans, er ekki síður kunn fyrir skilyrðislausu ást sína á þessum ógæfusama syni. Vestan Miðfjarðarár gegnt Bjargi er trjáræktarreitur sem við hana er kenndur og ber heitið Ásdísarlundur. Sumarið 2005 voru 50 ár liðin frá því þar var fyrst gróðursett og af því tilefni var efnt til samkomu laugardaginn 23. júní s.l.

Saga Ásdísarlundar er í stuttu máli sú að árið 1954 gáfu Eggert Steindórsson, bóndi á Krókstöðum, og Jóhann Sigvaldason, bóndi á Brekkulæk, Ungmennasambandi Vestur-Húnavetninga 8-10 hektara land til skógræktar og útivistar. Framkvæmdir hófust sumarið 1955. Ungmennasambandið annaðist lundinn í 24 ár og á þeim tíma var svæðið girt og plantað fyrstu trjánum sunnan í Krókstaðamelunum. Þann 19. ágúst árið 1979 afhenti Ungmennasambandið Kvenfélaginu Iðju í Ytri-Torfustaðahreppi svæðið til eignar og afnota.

Árið 1990 tók Aðalsteinn Helgason frá Hnausakoti að sér að grisja í gamla gróðurreitnum sunnan í Krókstaðamelunum. Efninu sem til féll var deilt út um sveitina og m.a. notað til að reykja kjöt. Það má telja fyrstu beinu nytjarnar af trjárækt í lundinum.

Árið 1992 fór stjórn Kvenfélagsins þess á leit við Aðalstein að hann tæki að sér umsjón með lundinum og hefur hann annast það síðan. Félagi Aðalsteins í þessu verki var frá byrjun Hafþór

Þorbergsson frá Neðra- Núpi og eiga þeir frændur öðrum fremur heiðurinn af þeim verkum sem nú getur að líta í Ásdísarlundi þótt fleiri hafi þar lagt hönd á plóg, einkum í seinni tíð.

Mörg handtök hafa verið unnin á þessum tíma. Árið 1995 voru gróðursett- ar um 50 birkiplöntur niður undir ánni og búið um þær með skjólveggjum. Þær hafa dafnað vel og sumarið 2004 voru þær fluttar upp í norðvestur-horn svæðisins þar sem þær virðast una hag sínum, nú 10 ára gamlar. Árið 1997 voru gróðursettar aspir nyrst og aust- ast á svæðinu og eru margar þeirra

an við veginn niður lundinn og eru þau um átta ára gömul. Skjólbelti er einn- ig að finna og er gott til þess að vita að næsta kynslóð kann að vera hér í skjóli fyrir norðanvindinum sem þarna getur verið býsna svalur.

Nokkuð bagalegt var að hafa ekkert skjól fyrir veðrum og vindi í Lund- inum og langt að bíða þess að gróður næði að skýla. Því var keypt lítið garð- hús og flutt þangað og bætt vestan við það forstofu og snyrtingu. Þetta hús hefur reynst verkamönnum gott skjól og þar hafa menn ráðið ráðum sínum um næstu framkvæmdir.



Aðalsteinn Helgason heiddaður í tilefni dagsins

orðnar vel á þriðja metra.

Talsvert hefur verið gróðursett á hverju ári og má finna uppvaxandi birkiareiiti niðri á grundunum og einn- ig báðum megin við lækinn sem renn- ur gegnum lundinn. Þá gefur einnig að líta um 50 gróskumikil lerkitré norð-

Sumarið 2003 var sett upp orkuver við Melalækinn beint suður af húsinu. Þarna er dæla sem knúin er rafmagni sem framleitt er úr sólarorku, sjálf- bær orkubúskapur og umhverfisvænn eins og vera ber á þessum stað.

Tvær brýr voru smíðaðar yfir læk-



Fulltrúi Kvenfélagsins Iðju dregur fjána að húni.

inn sumarið 2004. Þær hafa nú verið tengdar með göngustíg svo greiðfær hringleið er um svæðið og af melnum sunnan við lækinn er góð yfirsýn yfir svæðið í heild. Fánastöngin, sem ber við loft, var sett upp vorið 2005. Stöngin er ösp sem óx upp í garði Aðalsteins í Reykjavík en hefur nú fengið nýtt hlutverk. Fáni var fyrst dreginn að húni þann 23. júlí í til- efni af 50 ára afmælinu.

Margir hafa lagt þessum lundi lið gegn- um tíðina og verða þeir ekki tilgreind- ir hér. Þess ber þó að geta að Poka- sjóður hefur lagt fram drjúgan skerf og alls hafa fengist þar styrkir átta sinnum. Einnig má tilgreina Þjóðhá- tíðarsjóð sem hefur nokkrum sinn- um styrkt verkefnið. Ýmsir aðrir hafa veitt styrki og lagt lundinum lið og eiga þeir allir þakkir skildar. Hrafn- hjón hafa tekið sér fasta búsetu í lund- inum. Þau hafa í átta ár orpið í hreiður sitt sem er í skógarþykkninu sem elst er. Mun afar sjaldgæft, að hrafn velji hreiðurstæði af þessu tagi. Sumar- ið 2005 komu þau upp fjórum ungum.

Ólafur H. Jóhannsson

Minnst aldarfriðunar Hallormsstaðarskógar

Árið 1905 hófst Íslands Skovsag (Skóg- ræktarmálefni Íslands) handa við að setja upp girðingu um Hallormsstað- arskóg. Þetta var þá gerlegt vegna þess að um vorið var gengið frá kaup- um landssjóðs á kirkjujörðinni Hall- ormsstað af kirkjujarðasjóði til þess að friða skóginn og hefja skógrækt. Heimildarlög um þetta voru samþykkt á Alþingi árið 1903.

Landsstjórnin fól Íslands Skovsag verkefnið en á vegum þess var danski skógfræðingurinn Christian Flens- borg ráðinn til að skipuleggja verkið. Um framkvæmdina sá Stefán Krist- jánsson, sem þetta vor var ráðinn skógarvörður á Hallormsstað.

Hinn 15. október síðast liðinn efndi Þór Þorfinnsson skógarvörður á Hall- ormsstað til samkomu á Hallormsstað til að minnast þessara tímamóta.

Um leið var þess minnst, að þetta sama vor 1905 gróðursetti Flensborg hin fimm frægu blágrenitré í Efri Mörk- inni á Hallormsstað, sem eru elstu grenitré þar og kannski á öllu landinu. Hið hæsta þeirra er nú um 21 metri.

Við þessi grenitré var nú afhjúpaður minnisvarði um Christian Flensborg. Tvö barnabörn hans, Ebbe og Hanne, komu hingað til Íslands í boði Skóg-



Barnabörn Flensborg afhjúpa minnisvarðann (mynd S.Blö.)

ræktar ríkisins til þess að afhjúpa minnisvarðann. Jón Loftsson skóg- ræktarstjóri ávarpaði á undan sam- komuna og benti á hvaða sögulegu þýðingu þetta framtak Flensborgs

hefði haft. Varðandi atburðinn vorið 1905 skal lesendum bent á grein Há- konar Bjarnasonar í Ársriti árið 1959, bls. 15.

Á samkomunni í Íþróttahúsi Hallorms- staðarskóla var kynnt útkoma veglegr- ar bókar um Hallormsstað, sem Mál og Menning gefur út. Nefnist hún “Hall- ormsstaður í Skógum – Náttúra og saga höfuðbóls og þjóðskógar”. Bók- in er 351 bls. í all stóru broti og með fjölda mynda og korta. Aðalhöfund- ar eru Hjörleifur Guttormsson, sem jafnframt er ritstjóri texta og mynda, og Sigurður Blöndal. Sjö aðrir höfund- ar rita einstaka kafla. Guðmundur Ó. Ingvarsson kortagerðarmaður teikn- aði kortin og Haukur Jóhannesson jarðfræðingur gerði jarðfræðikort af svæðinu, sem er frumverk.

Eins var sá merkisatburður á þessari samkomu að opnuð var netútgáfa á öll- um skýrslum Flensborgs og Kofoed- Hansens skógræktarstjóra um skóg- ræktarmálefni árin 1900-1916. Þessar skýrslur hafa aðeins verið í mjög fárra höndum. Þetta er í fyrsta sinn sem þær eru aðgengilegar í heild. Í sum- um heftunum er að finna einstæðar ljósmyndir af skóglendum frá fyrstu árum aldarinnar. Gunnar Guttorms- son vann það mikla þarfaverk að færa skýrslurnar á stafrænt form. Veffang- ið er www.islandsskovsag.net

Sigurður Blöndal fyrrverandi skógræktarstjóri Hallormsstað

Skógræktarfélag Eyfirðinga 75 ára

Skógræktarfélag Eyfirðinga er 75 ára á þessu ári, en félagið var stofnað 11. maí árið 1930 á Akureyri. Fundarboðandi þá var Jón Rögnvaldsson frá Fífilgerði og mættu tólf stofnfélagar. Skógræktarfélag Eyfirðingar er í dag öflugt skógræktarfélag með tæplega 400 félagsmönnum og öflugri starfsemi. Á hátíðarfundi félagsins í vor hélt Vignir Sveinsson, þáverandi formaður félagsins, ræðu sem Laufblaðið birtir hér, lauslega aðlagða prentaðri framsetningu:

Skógræktarfélag Eyfirðinga var stofnað á þessum degi árið 1930. Félagið er elsta skógræktarfélag á landinu og í stofnun þess endurspegladist sá stórhugur og ræktunaráhugi sem þá var hér og er enn. Skógræktarfélagin spruttu úr jarðvegi ungmennafélags-hreyfingarinnar sem hafði mótað hugsjónir fólks sem vildi beita sér fyrir ræktun lands og lýðs.

Fyrstu verkefni félagsins voru friðun þeirra skóga sem eftir voru í héraðinu og fljótlega var hafist handa um útveg lands og plöntun í nýja skógarreiti. Þessa reiti, sem flestir eru að stofni til frá árunum 1931-1941, þekkja margir og vita að þar grær nú vöxtulegur skógur, sums staðar 10-15 metra há, sem breiðist óðfluga út með sjálfsáðum plöntum sem eru á góðri leið með að mynda nýja kynslóð. Ekki veit ég hvort frumkvöðlarnir hefðu sjálfir trúnað því, þótt bjartsýnir væru, að tegundir eins og lerki, stafafura og viðja mundu sá sér í því líku magni sem raun ber vitni. Ekki þarf að fjölyrða um íslenska birkid sem grær um holt og hæðir, jafnvel í landi sem ekki er friðað fyrir beit.

Á árinu 1946 var ræktun Kjarnaskógar hafin. Flestir þekkja sögu Kjarnaskógar og aðdráttarafl hans. Árið 1972 hafði skógurinn náð þeim vexti og vinsældum að félagið ákvað að afhenda hann Akureyrarbæ sem útivistarsvæði fyrir bæjarbúa og héraðið allt. Þessir tveir aðilar hafa í sameiningu gert svæðið, sem teygir sig nú yfir Naustaborgir allt norður að Glerá, að ómissandi þætti í umhverfi okkar og samfélagi.

Gróðrarstöðin í Kjarna var stofnuð 1947. Án hennar hefði félagið ekki náð þeim styrk og árangri í ræktun sem raun ber vitni. Hún hefur á þeim áratugum sem liðin eru margoft verið stækkuð, nú síðast á árunum 2002-2003 og er meðal þeirra stærstu á landinu með framleiðslugetu sem er á bilinu 1-2 milljónir plantna árlega.

Árið 1965 gaf Eiríkur Hjartarson félaginu jörðina Hánefsstaði í Svarfaðardal. Eiríkur hafði girt af stórt svæði og hafði þar skógrækt sem átti sér vart hlið-



Hátíðafundurinn var fjölmennur (mynd B.P.)

stæðu á landinu að tegundafjölda og vandaðri umhirðu. Jörðin var fljótlega seld að undanskildum skógarreitnum og var andvirðið notað til að auka skógrækt um héraðið allt. Frá árinu 1999 er Hánefsstaðaskógur útivistarsvæði fyrir íbúa Dalvíkurbyggðar eftir að gerður var um það samningur milli Skógræktarfélagsins og sveitarfélagsins.

Ein stærsta breytingin í sögu félagsins varð á síðast liðnu ári þegar tekin var ákvörðun um að stofna sjálfstætt hlutfélag um rekstur gróðrarstöðvarinnar sem eftir það heitir Gróðrarstöðin í Kjarna ehf. Segja má að þar hafi verið brugðist við kalli tímans og því umhverfi sem atvinnurekstri er almennt búinn í dag. Þetta er liður í eðlilegri framþróun og með þessu er Skógræktarfélagið sjálft dregið út úr samkeppnisrekstri og um leið skapast tækifæri til aukinnar áherslu á hin félagslegu gildi. Skógræktarfélagið er ásamt KEA aðaleigandi hins nýja hlutfélags, auk nokkurra smærri hluthafa.

Á þessum tímamótum er óhætt að líta yfir farinn veg með nokkru stolti. Félagið hefur ásamt öðrum verið virkur þátttakandi í því að ryðja brautina sem virðist bein og greið fyrir íslenska skógrækt sem nú hefur slitid barnsskónum. Hið sterka afl sem félagsheildin skapar hefur líka orðið til vegna atorku dugmikilla einstaklinga. Oft kann að vera málum blandið að nefna nöfn í því sambandi en ég vil þó tilgreina þrjá einstaklinga sem öðrum fremur hafa skráð nafn sitt á spjöld sögu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Það eru þeir Jón Rögnvaldsson sem beitti sér fyrir stofnun félagsins og var formaður þess í rúman áratug, Ármann Dalmannsson sem var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins og einnig

formaður þess um skeið og Guðmundur Karl Pétursson sem lengst allra hefur verið formaður félagsins eða 21 ár. Þessir þrír menn hafa að mínu mati öðrum fremur verið þeir forystumenn sem Skógræktarfélagið á mest að þakka og eiga það skilið að bera virðingarheitið frumkvöðull.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum í þá átt að skógrækt verði sjálfbær atvinnugrein. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur tekið virkan þátt í þeim og átt sinn þátt í því að sannfæra almenning um gildi skógræktar gagnvart umhverfi og landnytjum í framtíðinni. Segja má að trúboðastarfinu sé að mestu lokið. Íslensk skógrækt hefur nú slitid barnsskónum og er komin til að vera.

Eitt af megin viðfangsefnum félagsins í seinni tíð hefur verið að sjá til þess að áhugafólk um skógrækt hafi aðgang að landi til ræktunar. Fyrir 12 árum var jörðin Háls í Eyjafirði tekin á leigu, landið skipulagt til skógræktar og endurleigt félagsmönnum og öðrum sem áhuga höfðu. Nú hefur annað stórt skref verið stigið í þessa átt. Félagið hefur fengið loforð landbúnaðarráðherra fyrir því að fá um 150 ha lands af landi Saurbæjar sem er einnig ríkisjörð og liggja lönd jarðanna saman. Þarna mun því í framtíðinni vaxa upp 300 ha skógur sem setja mun svip sinn á umhverfið svo um munar og e.t.v. má jafna við hinn forna Gnúpufells-skóg hinum megin ár þar sem margar stærstu jarðir Eyjafjarðar áttu hlunnindi. Það er sérstök ánægja að geta upplýst þetta á þessum tímamótum og um leið flyt ég kveðjur Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra, sem því miður gat ekki verið með okkur í kvöld.



Er þetta síðasta birkihrísland á Öxnadalshéið?

Síðasta birkihrísland á Öxnadalshéiði

Umfang skóga í dag er ekki svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Ein órækasta sönnun þess eru skógarleifar á ólíklegustu stöðum. Jóhann Björgvinsson frá Akureyri hefur á ferðum sínum um hálendið rekist á trjágróður á merkilegum stöðum og sendi hann Laufblaðinu þessa mynd og texta.

Í Skagafirði eru skógarleifar í Austurdal á nokkrum stöðum og utarlega með firðinum. Að austan er það aðallega í Hrollleifsdal og Deildardal. Fyrir nokkrum árum rakst ég á birkihrísland í Skógarhlíð á Öxnadalshéiði. Hún vex út úr berggangi sem skagar út í gil að Króká og búfé nær lítið að bíta hana. Það koma fræ á hana á hverju ári en ég hef ekki séð koma nýjar plöntur upp. Þetta er eina birkiplantan sem ég hef séð þarna. Sunnan við Króká á móti Skógarhlíð eru nokkrir myndarlegir víðirunnar u.þ.b. 2 metra háir, þeir laufgast furðu seint í fyrstu viku júní.

Jóhann Björgvinsson.
johann@straumras.is

Skógræktarfélag Eyfirðinga tekur jörðina Saurbæ á leigu

Í vor urðu þau tímamót að undirritaður var leigusamningur milli Skógræktarfélags Eyfirðinga og landbúnaðarráðherra um óræktað land Saurbæjar í Eyjafirði, samtals 151 ha lands. Undir samninginn rituðu Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Sigrún Stefánsdóttir formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga við athöfn í Kjarnaskógi.

Með samningi þessum er loks í höfn mál sem unnið hefur verið að um 5 ára skeið innan SE og ástæða til að fagna þessum áfanga. Fyrirhugað er að framleigja landspildur til félagsmanna líkt og gert hefur verið á Hálsi undanfarinn áratug með góðum árangri. Vonir standa til að úthlutun landspildna geti hafist að ári.



HLÝJAR OG BJARTAR HÁTÍÐARKVEDJUR

www.or.is



Orkuveita
Reykjavíkur

Opinn skógur

Hofsstaðaskógur á Snæfellsnesi opnaður formlega

Í tengslum við Aðalfund Skógræktarfélags Íslands í ágúst síðastliðnum var skógur Skógræktarfélags Heiðsynninga að Hofsstöðum í Eyja- og Miklaholtshreppi opnaður undir merkjum verkefnisins “Opinn skógur”, sem Olís og Pokasjóður hafa stutt myndarlega.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnaði skóginn formlega að viðstöddu miklu fjölmenni, en um 300 manns mættu til opunarinnar. Markmið verkefnisins Opinn Skógur er að opna skógræktarsvæði fyrir almenn- ing, víðs vegar um landið, þar sem aðstaða til áningar og útivistar verður til fyrirmyndar.

Hofsstaðaskógur er helsti skógur á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þar hófst skógrækt árið 1956 undir forystu Þórðar Gíslasonar á Ölkeldu sem var formaður Skógræktarfélags Heiðsynninga um langt árabil. Skógurinn hefur nú verið grisjaður, útbúið stórt bifreiðastæði, settar upp flaggstangir og merkingar, borð og bekkir og lagðir göngustígar, þannig að aðstaða almennings til útivistar í skóginum er til fyrirmyndar.



Margrét Guðjónsdóttir frá Dalsmynni, formaður Skógræktarfélags Heiðsynninga og eldhugi flutti ávarp og ljóð við opnun Hofsstaðaskógar. Þar er nú komin mjög góð aðstaða til útivistar í fallegu umhverfi. (Mynd JFG)

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnaði skóginn formlega með því að höggva í sundur væna birkigrein. Honum til aðstoðar var Björn Sigurbjörnsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, fulltrúi Pokasjóðs. (Mynd JFG)



Þrándarstaðir í Hvalfirði

– Landbúnaðarráðuneytið leigir skógræktarfélagunum framtíðarsvæði

Jörðin Þrándarstaðir er í sunnanverðum Brynjudal, innan Fossár en utan Ingunnarstaða. Jörðin er í eigu ríkissjóðs en var leigð Landgræðslusjóði fyrir nokkrum árum. Í kjölfarið tók Skógræktarfélag Íslands við umsjón með skógrækt á jörðinni og hefur verið hafist handa við skógrækt af krafti.

Þessi samningur er afskaplega þýðingarmikill fyrir skógræktarfélagin. Með honum fá þau aðgang að heppilegu landssvæði til að stunda skógrækt í almannapágu. Þrándarstaðir er einstaklega heppilegt land í þessu samhengi. Utan þeirra er Fossá, en sú jörð er í eigu fjögurra skógræktarféлага, þ.e. Kópavogs, Kjósarsýslu, Mosfellsbæjar og Kjálarness. Þar er stunduð umfangsmikil skógrækt. Innan Þrándarstaða eru Ingunnarstaðir sem eru að ¾ eigu Landgræðslusjóðs.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra hefur með þessum samningi sýnt mikla framsýni, en á jörðinni er ekki lengur stundaður hefðbundinn búskapur.

Því verður til einstök samfella skógræktarjarða í umsjón skógræktarféлага, með leigusamningum við Landbúnaðarráðuneytið. Þessi lönd eru síðan öll skipulögð með það að markmiði að verða aðgengileg almennungi, enda ræktunarstarf skógræktarfélaganna í almannapágu. Útivist fer mjög vaxandi í innanverðum Hvalfirði, ekki síst eftir tilkomu Hvalfjarðarganganna



Skógrækt er hafin á Þrándarstöðum, en á myndinni sjást starfsmenn OLÍS í gróðursetningarferð. Skógræktarfélag Garðbæjar hófst handa við skógrækt á Þrándarstöðum í sumar. (Mynd JGP).

og eins er hægt að sjá fyrir sér að hún aukist enn meira með tilkomu Sunda- brautar. Á Fossá og Ingunnarstöðum stunda einnig fjöldamörg skógræktarfélag jólatrjáaræktun, en það nýtur sí-

vaxandi vinsælda að fólk komi í skóga til að höggva sitt eigið jólatré.

Framtíðarsýn skógræktarfélaganna er því að það verði samhangandi skóg-

ræktar- og útivistarsvæði allt frá Fossá og inn að Botnsúlum, aðgengilegt öllum almennungi til fjölbreyttrar útivistar, enda svæðið einstök náttúruperla.

Mikill áhugi á Yrkju í grunnskólum

Íslandsbanki styrkir gerð vefsíðu verkefnisins

Í ár sóttu 109 grunnskólar um plöntur úr Yrkjusjóði, sem eru rúmlega 60% grunnskóla landsins. Lætur nærri að um 8000 nemendur hafi tekið þátt í gróðursetningum á vegum verkefnisins. Það er á milli 15 og 20% allra grunnskólabarna landsins og verður það að teljast mjög góð þátttaka.

Þátttaka í Yrkjuverkefninu hefur almennt verið góð og því hefur verið ákveðið að ráðast í gerð sérstaks vefjar fyrir verkefnið. Skógræktarfélag Íslands mun vinna vefinn í samvinnu við Námsgagnastofnun. Vefnum er fyrst og fremst ætlað að styðja kennara og nemendur í undirbúningsvinnu vegna gróðursetningar á vegum Yrkjuverkefnisins, en að sjálfsögðu mun almenningur líka geta nýtt vefinn sér til gagns og gamans. Á vefnum er ætlunin að hafa ýmislegt fræðsluefni um tré, skóga og gróðursetningu trjáa. Auk þess munu skólar geta sótt raf-rænt um þátttöku í verkefninu þar. Stefnt er að því að opna fyrstu útgáfa vefjarins formlega í lok mars 2006.

Meira efni mun svo bætast við með tímanum eftir því sem og efni og aðstæður leyfa.

Íslandsbanki styrkir Yrkjusjóð myndarlega við gerð vefjarins og gerir sjóðnum kleift að ráðast í þetta umfangsmikla verkefni. Einnig styrkti Menntamálaráðuneytið verkefnið.

Yrkjusjóður var stofnaður árið 1992 að tilstuðlan Vigdísar Finnbogadóttur fyrrv. forseta, sem sést hér gróðursetja fallega trjáplöntu í Esjuhlíðum. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins skal hann kosta trjáplöntun grunnskólabarna. Stofnfé sjóðsins er af-rakstur sölu bókarinnar Yrkja, sem gefin var út í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar, og var það hennar ákvörðun að peningunum skyldi varið á þennan hátt. Þessi öflug sjóður notar árlegar vaxtakekjur sínar til þess að kaupa trjáplöntur fyrir grunnskólana, en höfuðstóll hans er um 50 milljónir króna. (Mynd JFG)



Árangur Kínverja við endurheimt skóga og trjávæðing borga eftirtektarverður

Laufblöðungur fór í stutta ferð til Kína á haustdögum og uppgötvaði að hvergi í heiminum er gróðursett eins mikið af trjáplöntum. Á síðustu 20 árum hefur verið gróðursett í landssvæði sem samsvarar stærð Svíþjóðar og rúmlega það. Þetta hefur verið gert til þess að sporna við jarðvegs- og gróðureyðingu sem hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar víða í Kína. Jarðvegseyðing hefur haft varanlegar afleiðingar á vatnsbúskap stórfjótanna en afleiðingarnar hafa verið gifurleg flóð og uppskerubrestur auk manntjóns í suðaustur hluta landsins. Þá hafa sandbyljir og stormar verið viðvarandi í norður og vestur Kína þar sem heilu þorpin og ræktarland hafa horfið undir sand. Um leið eru Kínverjar að auka skóglendin til nytja til þess að mæta síaukinni innanlands þörf fyrir timburafurðir þar sem 1,3 milljarður manna búa. Jafnframt hefur á síðustu árum verið unnið að mikilli gróður-



Kínverjar efna til gróðursetningar af ýmsum til-efnum og eru slíkar athafnir álíka vinsælar og popptónleikar. Fólk þyrpist að til að fylgjast með þessum viðburðum. Í þessu tilviki er verið að gróðursetja fyrsta Alþjóðlega listamannaskóginn í borginni Hefei, 4 milljón manna borg vestur af Shanghai. Þar var tré Íslands gróðursett af fulltrúa Íslands Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur framkvæmdastjóra Sambands íslenskra myndlistarmanna. Miklar „serimóníur“ og framandi siðvenjur eru viðhafðar í kringum gróðursetninguna. Alls tóku 560 milljónir Kínverja þátt í gróðursetningu trjáplantna í almennu átaki stjórnsvalda síðasta ár. (Mynd B.J.)

setningu trjágróðurs í stærstu borgum Kína og stefna þeir ótrauðir að því að borgirnar séu a.m.k. vaxnar 30% trjágróðri og skógi. Þetta er mikilvægt til þess að stemma stigu við mengun, svo sem svifryki en auk þess að auka möguleika til útivista í gördum og útivistarsvæðum. Kínverjar telja þetta grundvallaratriði til þess að mannlíf og velferð íbúanna sé tryggt. Hliðstæðan hér á landi er Græni trefillinn umhverfis höfuðborgarsvæðið sem orðinn er til fyrir tilstilli skógræktarfélaganna. Kínverjar hafa hins vegar mun metnaðarfullri markmið og ætla að vera búnir að leggja grunn að öllum útivistarskógum ásamt trjágróðri í öllum helstu borgum landsins fyrir árið 2010.

MHG
VERSLUN

Dalvegur 16a 201 Kópavogur Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@mhg.is

Husqvarna

**Allt fyrir
atvinnumanninn**
í MHG versluninni



Hekluskógar:

Stórverkefni ýtt úr vör

Hekluskógar er samvinnuverkefni landeigenda í nágrenni Heklu, Landgræðslusjóðs, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Suðurlandskóga, Skógræktarfélags Árnesinga og Skógræktarfélags Rangæinga um skógrækt og landgræðslu. Þessir aðilar hafa skipað samráðsnefnd sem unnið hefur að undirbúningi verkefnisins. Lagði Landgræðslusjóður til 3 milljónir króna til undirbúnings verkefnisins og var Björgvin Eggertsson ráðinn sem verkefnisstjóri.

Markmið Hekluskóga er að vernda héruðin í nágrenni Heklu gegn áföllum vegna gjóskufalls frá fjallinu með því að endurheimta birkiskóga á stórum svæðum. Skógur myndar skjól og dregur úr hættu á að gjóska og sandur fjúki af stað. Skógur, kjarr og mellönd eru einu gróðurlendin sem þola gjóskufall að einhverju ráði.

Stefnt er að því að koma upp birki-skógum á stórum svæðum með því að gróðursetja birki og víði í gróðureyjar þaðan sem frá af þeim getur síðan dreifst og numið stærri svæði. Einnig verði unnið að uppgræðslu eftir þörfum til að hefta jarðvegrof og búa í haginn fyrir landnám birkis og víðis. Aðgerðir miða að því að örva náttúrulega gróðurframvindu fremur en að um samfellda ræktun sé að ræða. Að nota þessar tegundir og beita þessari aðferðafræði við að skógvæða landið fylgir mikil sérstaða.

Mikil jarðvegs- og gróðureyðing hefur orðið á Hekluskógasvæðinu. Birkiskógar sem enn halda velli í nágrenni Heklu, s.s. Galtalækjarskógur og Búrfellsskógur, bera vitni um þau víðáttumiklu skóglendi og frjósömu vistkerfi sem þar voru eitt sinn. Með því að koma upp birkiskógum og víðikjarri á svæðinu er ekki aðeins verið að varna því að gjóska frá Heklu valdi skaða á byggðum og náttúru, heldur einnig að endurheimta sjálfbær vistkerfi sem þarna hafa glatast. Verkefnissvæðið



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra setur málþingið um Hekluskóga. (Mynd JGP)

er umfangsmikið en það nær til um 1% flatarmáls Íslands.

Miðvikudaginn 12. október síðast liðinn stóð samráðsnefnd um Hekluskóga fyrir málþingi í fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra setti málþingið, sem var afar fjölsótt og voru þar kynntar hugmyndir um Hekluskógaverkefnið og bakgrunn þess.

Að framsöguerindum loknum voru



Pallborðsumræður fóru fram á málþinginu, en þátt í þeim tóku: Steingrímur J. Sigfússon frá Vinstri Grænum, Guðni Ágústsson frá Framsóknarflokki, Hugi Ólafsson frá Umhverfissráðuneyti, Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Samfylkingunni, Einar Oddur Kristjánsson frá Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri Rangárfings ytra og Sigríður Heiðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Rangæinga og bóndi á Kaldbak á Rangárvöllum. (Mynd JGP)



Haft er eftir frumkvöðlinum Markúsi heitnum Runólfssyni fyrrv. formanni Skógræktarfélags Rangæinga “Það blasir við að eina leiðin til að hindra hamfarir í kjölfar Heklugoss er að klæða landið milli Þjórsár og Markarfljóts skógi”. Skógur félagsins í Bolholti er ágæt fyrirmynd að því sem stefnt er að í Hekluskógaverkefninu, en þar hefur náðst afar góður árangur.

pallborðsumræður um gildi Hekluskóga, meðal annars með þátttöku landeigenda, sveitarstjórnarmanna og fulltrúa stjórnmalaflokkanna. Var gerður góður rómur að fram settum hugmyndum á fundinum.

Á fjárlögum fyrir árið 2006 hefur Alþingi lagt fram kr. 14 milljónir til Hekluskóga, skipt jafnt á milli Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Hefur samráðsnefndin þar með fengið nauðsynlegt fjármagn til að vinna áfram að framgangi þessa metnaðarfulla verkefnis. Þess má geta að sett hefur verið upp vefsíða um verkefnið á veffanginu www.hekluskogar.is þar sem hægt er að afla sér frekari upplýsinga um verkefnið.

Tímamótasamningur um sölu á íslenskum jólatrjám

Föstudaginn 28. október undirrituðu Steinn Logi Björnsson og Magnús Jóhannesson tímamótasamning á milli Húsasmiðjunnar/Blómavals og Skógræktarfélags Íslands. Samningurinn kveður á um stórsókn í sölu og framleiðslu á íslenskum jólatrjám, en sala á jólatrjám er ein helsta tekjuöflunarleið skógræktarfélaganna í landinu

Með samningnum er brotið blað í ræktun jólatrjáa hér á landi. Hlutfall íslenskra trjáa er einungis um 20% af seldum trjám í landinu og hefur verið að dragast saman undanfarin ár. Samningurinn gerir skógræktarfélögum kleift að ráðast í umfangsmikla ræktun jólatrjáa. Stórátak þarf að

gera í gróðursetningu nýrra trjáa og umhirðu eldri reita, til þess að tryggja jafnt framboð af fyrsta flokks trjám.

Skógræktarfélagið tryggir Húsasmiðjunni/Blómavali ákveðið magn jólatrjáa, en Blómaval er einn stærsti söluaðili jólatrjáa í landinu. Samkomulagið er til 12 ára, en við góð skilyrði tekur það um 10 ár fyrir trjáplöntu að ná jólatrjáastærð.

Þessi samningur eflir því verulega starfsemi skógræktarfélaganna við að klæða landið skógi, aðgengilegum almenningi til útivistar. Fyrir hvert selt jólatré geta skógræktarfélögin gróðursett 30-40 ný tré.



Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar undirrita samninginn. Viðstödd voru frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og Kristinn Einarsson framkvæmdastjóri Blómavals. Mynd: JGP

Stórgjöf Páls Samúelssonar valinn staður í Esjuhlíðum

Á 75 ára afmælishátíð Skógræktarfélags Íslands í Vinaskógi á Þingvöllum 25. júní s.l. tilkynnti Páll Samúelsson, stjórnarformaður Toyotaumboðsins, P. Samúelsson hf., að þau hjónin og fyrirtæki hans gæfu Skógræktarfélagi Íslands 35.000 trjáplöntur og tileinkaði hann gjöfina sérstaklega Vigdís Finn­bogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands og Sigurði Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóra.

Skógræktarfélag Íslands valdi þessari stórgjöf stað í útivistarsvæðinu í Esjuhlíðum, í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, sem hefur umsjón með svæðinu. Lætur nærri að þessar trjáplöntur dugi til skógræktar á um 15 hekturum lands. Unnið er að gerð skógræktarskipulags í Esjuhlíðum og

verða trjáplönturnar gróðursettar í samræmi við það, en þar er unnið að ræktun fjölbreyttra útivistarskóga.

Þann 1. september fór fram athöfn af þessu tilefni í Esjuhlíðum. Þar ávarpaði Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, gesti og þakkaði þessa stórkostlegu gjöf til skógræktar í landinu.

Þá fór fram hátíðargróðursetning. Í henni tóku þátt: Vigdís Finn­bogadóttir, Sigurður Blöndal, Páll Samúelsson og kona hans Elín S. Jóhannesdóttir, Alfreð Þorsteinsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Stefán P. Eggertsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Magnús Jóhannesson.

Hjónin Páll Samúelsson og Elín S. Jóhannesdóttir gróðursetja fyrstu trjáplöntun af þeim 35.000 sem þau gáfu til skógrækar (Mynd JFG)



Veraldarvinir og skógræktarfélögin

Undirbúningur fyrir sumarið 2006 hafinn



Sjálfbóðaliðar á vegum Veraldarvina aðstoðuðu fjöldamörg skógræktarfélag á liðnu sumri við fjölbreytt þjóðþrífamál. Þessar ungu konur unnu að gróðursetningu á Heiðmörk í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur í sumar. (Mynd JFG)

Fjölmörg skógræktarfélag tóku á móti hópum frá Veraldarvinum síðasta sumar. Var góð reynsla af vinnuframlagi þessa hópa, en þeir samanstanda af ungmennum víða að úr heiminum. Laufblaðið leitaði til Þórarins Ívarssonar forstöðumanns hér á landi varðandi frekari upplýsingar um samtökin:

Veraldarvinir eru samtök sem vinna að náttúruvernd og menningarviðburðum. Sumarið 2005 stóðu Veraldarvinir fyrir náttúruverndarverkefnum vítt og breytt um Ísland í samstarfi við sveitarfélög og frjáls félagasamtök. Við tókum á móti 435 sjálfbóðaliðum frá samtals 27 þjóðlöndum, þetta fólk myndaði síðan 34 hópa sem unnu ýmis verkefni tengd náttúruvernd, fræðslu og menningu.

Sumarið 2006 er ætlunin að taka á móti 550 þátttakendum og erum við að leita að nýjum samstarfsaðilum. Sá sem tekur á móti hópi ber kostnað af eftirfarandi:

- Fæði þátttakenda, þau elda sjálf þannig að hér er einungis um hráefnið að ræða.
- Gistingu sem oft á tíðum er svefnþakagisting í grunnskóla eða félagsheimili viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags.
- Í sumum tilvikum ber móttakandi kostnað af þátttökugjöldum sjálfbóðaliðanna eða hluta þeirra og er það samningsaðili í hverju tilviki fyrir sig.

Veraldarvinir sjá um skipulagningu verkefnisins í samstarfi við heimamenn, útvega hópstjóra og sjá um að koma þátttakendum til og frá áfangastað. Þátttakendur þiggja ekki laun fyrir vinnu sína. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Veraldarvina, www.wf.is.



Verið velkomin í Þjóðskógana
- opnir alla daga, líka inn til landsins



Skógrækt ríkisins kynnir
Íslands Skovsag

Fyrstu skrefin í skógrækt
- ástand skóga um 1900

Skýrslur Ryders, Prytz,
Flensborg og Kofoed-Hansens nú á netinu á



Svifryk og trjágróður

Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. Í vetur hefur mengun af völdum svifryks í Reykjavík verið töluvert í umræðunni. Einnig var mengun af völdum svifryks mikið áberandi á Akureyri á árinu.

Fram kom í Morgunblaðinu þann 6/12 að svifryk hafi farið 20 sinnum yfir heilsuverndarmörk á þessu ári á stöðinni í Grensás í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum frá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

Svifryk er talin ein helsta orsök heilbrigðisvandamála sem rekja má til mengunar í borgum. Heilsuverndarmörk fyrir heilt ár eru 50 µg/m³ og að loftmengun fari ekki oftar yfir þau en í 35 skipti á hverju ári á einni mælingarstöð, en fjöldi skipta yfir heilsuverndarmörkum mun lækka á komandi árum samkvæmt reglugerð nr. 251/2002.

Á næsta ári er leyfilegur fjöldi 29 skipti en árið 2010 verður hann kominn niður í 7 skipti. Fyrirsjáanlegt er því að yfirvöld verði að grípa til aðgerða á næstu árum. Reykjavíkurborg er að vinna að tillögum hvernig ráða megji bót á svifryksvandamálinu.

Ein þeirra leiða sem hægt er að fara til að berjast gegn svifryksmengun er aukin trjárækt í þéttbýli, ekki síst nærri umferðaræðum. Tré geta tekið upp svifryksagnir auk þess sem þær



Tré í þéttbýli geta hafa áhrif á svifryksmengun. Að auki eru þau til mikillar þrýði eins og þessi mynd úr vetrarhörkum á Akureyri sýnir glögglega (Mynd HI).

setjast í barr og lauf. Laufblöðungur kannaði heimildir varðandi slík mál og fylgja nokkrar þeirrar hér með. Virðast barrtré vera einna mikilvirkust við að síða/nema svifryk úr andrúmsloftinu og eðlilega bein fylgni á milli stærðar trjáanna og græns yfirborðs þeirra. Kemur þá strax í hugann sitkagrenibeltið samsíða Miklubrautinni í Reykjavík.

Ef takast á að ná niður magni svifryks

til að vernda heilsu þéttbýlisbúa er hugsanlega hægt að stórauka gróðursetningu trjáa samsíða umferðaræðunum, samhliða þeim aðgerðum sem geta dregið úr losun þess í andrúmsloftið. Þessi mál þyrfti að skoða frekar.

Heimildir

1. Urban woodlands: their role in reducing the effects of particulate pollution *Environmental Pollution*, Volume 99, Issue 3, 1998, Pages 347-360 K. P. Bec-

kett, P. H. Freer-Smith og G. Taylor.

2. The urban forest in Beijing and its role in air pollution reduction. *Urban Forestry & Urban Greening*, Volume 3, Issue 2, 12 January 2005, Pages 65-78 Jun Yang, Joe McBride, Jinxiang Zhou og Zhenyuan Sun.

3. http://www.lifesci.sussex.ac.uk/home/Kevin_Beckett/

Ljúffengir matsveppir á Ingjaldshóli

Yst á Snæfellsnesi starfar Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli. Félagið sinnir ýmsum verkefnum, en eitt þeirra er ræktun Landgræðsluskóga á örfoka melasvæðum í nágrenni kirkjustaðarins Ingjaldshóls. Þarna var þegar félagið hófst handa við ræktunarstarfið, en með eljusemi er landið núna að klæðast skógi. Birki og sitkaelri eru þær trjátegundir sem mest ber á, auk ýmiss víðis og sitkagrenis.

Athyglisvert þroskamerki í skógræktarstarfinu er að við birkitrén fór að vaxa töluvert af kúalubba núna í sum-ar. Kúalubbinn er svepprótarsveppur í sambýli með birkinu og má því telja það góðs viti að hann sé búinn að ná fótfestu í skóglendinu. Á myndinni sjást þeir Skúli Alexandersson formaður Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli og Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri SÍ á sveppamá, en í baksýn sést að Ingjaldshóli. Þess má geta að kokkurinn á Hótel Hellis-sandi matreiddi þessa fyrstu sveppa-upskeru utan jökuls í kvöldmatnum og bar fram með dýrindis steinbít.



Skúli Alexandersson og Brynjólfur Jónsson með fyrstu sveppaupskeruna úr Landgræðsluskóginum við Ingjaldshól. (Mynd JGP)

Snöggjum betri kraftur...

KOMATSU

ZENOAH

47.500-

G415AVS
4.4 kg 2ha

59.000-

HT2300A
5.3 kg 1,2 ha



STIGA

Vetrarsól ehf • Askalind 4 • Kópavogur • Sími: 564 1864

FERÐ TIL RÚSSLANDS Á NÆSTA ÁRI

- Ævintýraferð á upprunaslóðir Rússalerkisins -



Skógræktarfélag Íslands hefur reglulega staðið fyrir kynnisferðum til annarra landa. Hafa verið skipulagðar ferðir til Skotlands, Austurríkis, Danmerkur, Alaska, Finnlands, Írlands og nú seinast til Nýfundnaland. Þetta hafa verið fjölsóttar og vel heppnaðar ferðir sem yfirleitt leiða fólk um óhefðbundnar slóðir, fela í sér mikla náttúruskoðun, góða leiðsögn og viðkynningu heimamanna og er ætlað að sameina gagn og gaman.

Á næsta ári er komið að Rússlandi. Hyggst félagið standa fyrir ferð í september með áherslu á vesturhluta Rússlands. Ætlunin er að byrja og enda ferðina í Pétursborg, en ferðast upp að strönd Hvíta hafsins til Arkhangelskborgar. Á þeim slóðum eru vesturmörk útbreiðslu Rússalerkis og áhugavert að ferðast um skóga og villta náttúru þessa svæðis. Hingað til ræktunar hefur borist töluvert af Rússalerki frá Arkhangelsk sem hefur reynst afar vel. Hins vegar er athyglisvert að við höfum ekki ræktað aðrar trjategundir frá þessum slóðum við Hvíta hafið þó þar vaxi bæði rauðgreni og skógarfura auk ýmissa lauftrjategunda.

Ferðinni líkur síðan í Pétursborg, þar sem borgin verður skoðuð með allri sinni stórmerku menningu og sögu. Að auki verður farið til Raivola, í hinn 270 ára gamla skóg Péturs Mikla.

Nokkrir hápunktar ferðarinnar verða:

- Arkhangelskborg á strönd Hvíta hafsins,
- Rússnesku barrskógarnir og villt náttúra óbyggðanna,
- Upprunaslóðir Rússalerkisins,
- Menning og mannlíf í dreifbýlinu,
- Stórborgin Pétursborg, 5 milljón íbúa menningarborg,
- Vetrarhöllin og fleiri byggingar,
- Raivola-skógur Péturs mikla utan Pétursborgar, 270 ára gamall.

Stefnum við að um 10 daga ferð um miðjan september 2006 með íslenskum leiðsögumönnum og túlkum. Verð ferðarinnar liggur ekki fyrir en tengiliður okkar í Pétursborg er að vinna að verðlagningunni.

Hins vegar er hægt að skrá sig strax á þátttakendalista á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða í tölvupósti skog@skog.is. Í þessa ferð okkar, líkt og áður, gildir fyrstur kemur - fyrstur fær.

Stórviður á Snæfellsnesi



Tréð í Stakkhamarsfjöru er engin smásmíði, en við það standa systurnar Þorbjörg og Auður Alexandersdóttir frá Stakkhamri. (Mynd Hrefna Magnúsdóttir).

Rekaviður er eitt af furðum náttúrunnar. Tré rifna upp með rótum við stórfjót Síberíu, fljóta niður til hafs og berast síðan löngu síðar með hafsstraumum upp að ströndum Íslands. Því til viðbótar hefur borist hingað timbur sem skógarhöggmenn fleyta niður fljótin en tapast við árósa og rekur til hafs. Til marks um það eru trjábolir sem rekið hafa og eru greinilega sagaðir. Hefur hlutfall slíks timburs aukist undanfarin ár. Mestu rekasvæði landsins eru á Ströndum og Langa-

nesi, þar sem rekinn er töluvert nýttur. Stórviðinn á myndinni rak árið 1955 á sunnanvert Snæfellsnes, nánar til tekið fyrir strönd bæjarins Stakkhamars í Eyja- og Miklaholtshreppi sem er hluti af Löngufjörum. Þá var tréð dregið á land með jarðýtu en hvarf svo í kjölfarið í sand. Að undanförunu hefur sandurinn síðan verið að skila því aftur og er nú rótin og neðri hluti stofnsins kominn vel í ljós. Eins og sést á myndinni er þetta gífurlega stórvaxið tré, sem nú hefur legið þarna í hálfa öld.

Frumkvöðlar á Siglunesi

Allir sem komið hafa til Siglufjarðar geta ekki annað en dáðst að fallegum reit Skógræktarfélags Siglufjarðar sem Jóhann Þorvaldsson ásamt nemendum sínum vann að meðan aðrir eltu við síldina. Einn nemenda Jóhanns er nú með fjölskyldunni að vinna að ræktun á Siglunesi, yst í mynni Siglufjarðar. Laufblöðungi var boðið í heimsókn á Siglunes í sumar en þangað verður ekki komist með góðu móti öðruvísi en á bát.

Undanfarin 5 ár hafa hjónin Þórður Þórðarson og Heiðbrá Sæmundsdóttir gróðursett þar nokkur hundruð trjáplöntur og vandað til verka eftir bestu getu. Aðallega er það víðir, birki, greni og lerki og virðist flest af þessu vaxa ágætlega. Þá hafa börn þeirra hjóna tekið þátt í gróðursetningarstarfinu og eiga sjálfsagt eftir að njóta árangurs starfsins í framtíðinni. Til þess að létta flutning og burð er enn haldið upp á gamla Farmal A traktorinn sem enn skilar sínu hestaflí þrátt fyrir nokkurn aldur og fyrri störf. Nýtist hann vel við flutning á húsdýraáburði auk plantna og annars sem tilheyrir vönduðu trjá-ræktarstarfi.

Rétt er að vekja athygli á því að á Siglunesi verður vart farið norðar á landinu nema ef vera kynni á Melrakka-



Heiðbrá og Þórður við státlega greniplöntu sem komin er vel á legg á Siglunesi (Mynd BJ)

sléttu. Þó að enn sé of snemmt að spá um framvindu virðist trjágróðurinn vera býsna státinn enda liggur mikil vinna að baki og ekki auðhlaupið að því að stunda trjárækt við ystu nes og því rétt að hafa í huga sem Jóhann nefndi oft „að til þess þurfi þrautseigju og þolinmæði“. Fyrir vikið stækka trjáræktarmörkin á Íslandi og þekking á ræktunarskilyrðum vex enn frekar.

Kynblendingur lofar góðu



Guðjón Jónsson við lerkiblendinginn fallega í haustsólinni.

Guðjón Jónsson frá Fagurhólsmýri stendur í umfangsmikilli skógrækt og uppgæðslu í Öræfasveit. Hann hefur prófað ýmsar nýjungar í ræktun sinni og þannig náð undraverðum árangri á skömmum tíma, eins og er orðið við blasandi þegar ekið er um Öræfasveitina.

Árið 1999 áskotnuðust honum bakka-plöntur af lerkiblending úr kynbóta-starfi Þrastar Eysteinnssonar fagmálastjóra Skógræktar ríkisins, sem voru gróðursett þann 17. júlí það ár. Lerkiblendingurinn hefur vaxið frábærlega síðan og eru hæstu trén nú orðin um 2 metrar. Lengsti árssproti sumarsins var hvorki meira né minna en 61 cm.

Meðfylgjandi mynd var tekin af Guðjóni þann 24. september 2005 við eitt trjáanna sem stendur í brekkunni vestur frá Irpugili. Í baksýn sést Salthöfði og einnig hversu opið þetta er gagnvart úthafinu.

Þetta er afar áhugaverður árangur, ekki síst í ljósi þess að erfiðlega hefur gengið að rækta Rússalerki á sunnanverðu landinu. Þarna er að koma fram úr kynbótastarfi áhugaverður efniviður til notkunar á hafrænni stöðum á landinu.

Til að fá nánari útlistun á lerkiblendingnum leitaði Laufblaðið til Þrastar Eysteinnssonar. Samkvæmt Þresti er þetta blendingur sífjalerkis og Rússalerkis. Hann hefur unnið að víxlun teg-



Þróstur Eysteinnsson stendur hér við fallett eintak að lerkiblendingnum í Mosfelli í Grímsnesi.

undanna undanfarin ár í gróðurhúsum á Vöglum í Fnjóskadal. Árið 1999 gróðursetti hann blendinginn á Höfða á Héraði og að Mosfelli í Grímsnesi. Á báðum stöðum er árangurinn álíka og í Öræfasveitinni og skapar blendingurinn verulega framúr rússalerki. Vonast hann til að innan 3-4 ára verði hægt að framleiða nægjanlegt fræ til að unnt verði að setja það í almenna sölu.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf., Sævarhöfða 33
Eggert Kristjánsson hf., Sundagörðum 4
Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4
Faxaflóahafnir sf., Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Feró ehf., Steinaseli 6
Félag íslenskra hljómlistarmanna,
Rauðagerði 27
Gesthús Dúna hf., Suðurhlíð 35d
Grásteinn ehf., Fornhaga 22
Guðmundur Jónasson ehf., Borgartúni 34
Hagverk ehf., bílasmiði, Bæjarflöt 2
Hrafnistuheimilin, Hafnarfirði og Reykjavík
Internet á Íslandi hf., ISNIC, Dunhaga 5
Kjörgarður, Laugarvegi 59
KPMG endurskoðun hf., Borgartúni 27
Landslag ehf., Skólavörðustíg 11
Lýsing hf., Suðurlandsbraut 22
Merking ehf., Viðarhöfða 4
Ottó B. Arnar ehf., Skipholt 17
Rafteikning hf., Suðurlandsbraut 4
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
RST Net ehf., Smiðshöfða 6
Securitas hf., Síðumúla 23
Smith og Norland hf., Nóatúni 4
Suzuki bílar hf., Skeifunni 17
Umhverfis- og heilbrigðisstofa
Reykjavíkur, Skúlagötu 19
Verðbréfastofan hf., Suðurlandsbraut 18
Vélaver hf., Lágmúla 7
Þ Þorgrímsson og Co ehf., Ármúla 29
Þór Snorrason, skrudgarðyrkjumeistari,
Hverafold 32

Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur

Bífreiðaverkstæði Kópavogs
ehf., Skemmuvegi 16
Byggðapjónustan ehf., Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið,
Elliðahvammi, Vatnsenda
Hagblikk ehf., Smiðjuvegi 4c
Landmótun ehf., Hamraborg 12
Verkfræðistofan Hamraborg sf.
Hamraborg 10

Garðabær

Blómaverslunin Garðablóm, Garðatorgi
Fag-val ehf., Smiðsbúð 4

Hafnarfjörður

Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Trégaur ehf., Suðurgötu 31

Keflavík

Nesprýði ehf., Vesturbraut 10-12
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14

Grindavík

Þorbjörn Fiskanes hf., Hafnargötu 12

Garður

Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3
Mosfellsbær
Búnaðarsamband Kjalarnespings, Þverholti 3
Kjósarhreppur, Félagsgarði
Mottó ehf., Flugumýri 14

Akranes

Hvalfjarðarstrandarhreppur, Hlöðum
Skilmannahreppur, Innri Mel 2

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Kolbeinsstaðahreppur, Ásbrún
Sindri Arnfjörð, garðyrkjumaður,
Laufskálum 1
Skorradalshreppur, Grund

Búðardalur

MS Búðardal, Brekkuhvammi 15

Ísafjörður

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Eyrargötu 2-4
Mjólkursamlag Ísfríðinga, Sindragötu 2
Orkubú Vestfjarða hf., Stakkanesi 1

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Flateyri

Skógræktarfélag Önundarfjarðar,
Hjallavegi 3

Patreksfjörður

Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Brunnum 6

Bíldudalur

GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf., Kríubakka 4

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Siglufjörður

Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24
Skógræktarfélag Siglufjarðar, Fossvegi 29

Akureyri

Blikk- og tækniþjónustan ehf., Kaldbaksgötu 2
Gróðrastöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Kjarnafæði hf., Fjölnisgötu 1b
Teiknistofan H Á, Furuvöllum 13

Dalvík

Daltré ehf., Bjöggvisstöðum
Hafnasamlag Eyjafjarðar, Ráðhúsinu

Húsavík

Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9
Langanes hf., útgerð, Skólagarði 6

Laugar

Þingeyjarsveit, Kjarna

Mývatn

Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6
Þórshöfn
Þórshafnarhreppur, Fjarðarvegi 3
Vopnafjörður
Mælifell ehf., Háholti 2
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Bókasafn Héraðsbúa, Laufskógar 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi 1
Verkfræðistofa Austurlands ehf., Kaupvangi 5

Neskaupstaður

Fjarðabyggð, Egilsbraut 1

Breiðdalsvík

Óskaup ehf., Ásvegi 19

Höfn

Skinney - Þinganes hf., Krossey
Sveitfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Þrastarhóll ehf., Kirkjubraut 10

Selfoss

Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1
Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56
Umhverfisdeild Árborgar,
Austurvegi 2, Ráðhúsi

Hveragerði

Eldhestar ehf., Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Samband garðyrkjubænda, Reykjum

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf., Nesbraut 1

Eyrbakki

Búnaðarfélag Eyrbakkahrepps, Sandi

Laugarvatn

Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hella

Rangárþing - Ytra, Laufskálum 2
Sæberg ehf. bífreiðaverkstæði, Lyngási
Vörufell ehf., við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Byggðasafnið í Skógum, Skógum

Vík

Byggingafélagið Klakkur ehf., Smiðjuvegi 9

Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

Vestmannaeyjar

Frár ehf., Hásteinsvegi 49
Garðyrkjustjóri Vestmannaeyjabæjar,
Áhaldahúsinu við Heiðarveg

Ferð stjórnar Skógræktarfélags Íslands um Rangárþing

Fyrsta dag októbermánaðar fór stjórn Skógræktarfélags Íslands í sína árlegu kynnisferð. Að þessu sinni var Skógræktarfélag Rangæinga heimsótt og ferðast um Rangárþing undir leiðsögn heimamanna.

Skógræktarfélag Rangæinga hefur verið mikilvirkasti þátttakandi í Landgræðsluskógum og alls hafa Rangæingar gróðursett liðlega 2,8 milljónir plantna af þeim rúmlega 15 milljónum sem verkefnið hefur áorkað frá 1990. Liggur nærri að flatarmál gróðursettra Landgræðsluskóga

í Rangárvallasýslu sé um 1100 ha., auk þess sem talsvert er um sjálfsáningar í tengslum við friðlönd félagsins. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að samkvæmt birkiskógaúttekt Snorra Sigurðssonar o.fl. (1972-1975) þöktu birkiskógar og kjarr í Rangárvallasýslu 2483 ha.

Ferðin tókst í alla staði vel og þótti stjórnarmönnum Skógræktarfélags Íslands mikið til koma að sjá skógarbreiðurnar vaxa upp úr rýrum sandsléttum Rangárvalla. Fylgja hér með nokkrar ljósmyndir úr ferðinni.



Landgræðsla ríkisins tók á móti ferðalöngum í Gunnarsholti og bauð upp á saltkjöt og baunir í hádeginu að gömlum og góðum sið. Á meðan stjórn Skógræktarfélags Íslands fundaði skoðuðu makar og aðrir fylgifiskar Gunnlaugsskóg. Á myndinni t.v.; Björgvin Eggertsson verkefnisstjóri Heklusköga, Sigríður Heiðmundardóttir, Viðar Steinarsson, Áslaug Sverrisdóttir, Guðmundur Jónson, Þorsteinn Jónsson, Steinunn Jónsdóttir, Hrefna Einarsdóttir og Jón Ragnar Björnsson fræðslufulltrúi Landgræðslu ríkisins sem fræddi gesti um starf stofnunarinnar og skóginn, sem kenndur er við Gunnlaug Kristmundsson sem var skipaður sandgræðslustjóri árið 1941. (Mynd Hrafn Óskarsson).



Birkið hefur hér sigrast á sandfokssköflum upp af Bolholti. Á myndinni frá vinstri; Snjólaug Guðmundsdóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, gjaldkeri stjórnar Sk. Íslands, Sigurbjörg Elímarsdóttir á Galtalæk, gjaldkeri Sk. Rangæinga, Hrefna Einarsdóttir, skrifstofustjóri Sk. Íslands, Sigríður Jóhannsdóttir og Hólmfríður Finnbogadóttir, í stjórn Sk. Íslands, Viðar Steinarsson, bóndi á Kaldbak og sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi-Ytra, Þorvaldur S. Þorvaldsson stjórnarmaður Sk. Íslands, Hrafn Óskarsson, Þorsteinn Jónsson og Sigurvína Samúelsdóttir stjórnarmenn Sk. Rangæinga, Magnús Jóhannesson formaður Sk Íslands, Guðmundur Jónson bóndi á Reykjum, Steinunn Jónsdóttir, Vilhjálmur Lüðvíksson, stjórnarmaður Sk. Íslands, Áslaug Sverrisdóttir og Einar Gunnarsson, skógræktarfræðingur hjá Sk. Íslands. (Mynd Sigríður Heiðmundardóttir).



Landgræðsluskógurinn í Bolholti skoðaður. Hér hefur Skógræktarfélag Rangæinga náð frábærum árangri. Markús heitinn Runólfsson fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Rangæinga var frumkvöðull að tækninýjungum í skógræktarstarfinu. Því má halda fram að með tilkomu Markúsarplógsins hafi verið brotið blað í skógrækt á berum sléttum Suðurlands. Líkja má þessari byltingu við það þegar lerkigróðursetningar hófust á rýrum þursaskeggsmelum á Héraði seint á áttunda áratugnum. Samanborið við handgróðursetningu án jarðvinnslu hefur þessi aðferð, sem Skógræktarfélag Rangæinga þróaði, mikla yfirburði hvort sem litið er til kostnaðar við gróðursetningu eða árangurs. Helstu ástæður þessa eru; i) plantan kúrir í skjóli ofan í plógfari meðan hún er að koma sér fyrir, ii) djúp gróðursetning tryggir nægan raka, iii) áburður er settur ofan í jarðveginn undir eða við neðstu rætur plöntunnar, iv) auðvelt er að finna plöntur í plógfari og léttir það vinnu við síðari áburðargjafir. Hvort sem gróðursett er í lúpínubreiður eða bera mela þarf eftirfylgni með áburðargjöf eigi góður árangur að nást. Ef rækta á birki þarf siendurtekna áburðargjöf fyrstu 5 árin eða svo. (Mynd Hrafn Óskarsson).



Hér á ég heima

Hugsðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

SKR-1-11



Endurvinnslustofvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu
taka við flokkum og dösun til flokkunar og endurnýtingar.

VÍNBUÐ
lífum, lærum & njótum

www.vinbud.is

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands




HÁSKÓLI ÍSLANDS



Ekki missa af endurgreiðslu!

Með því að skrá fjölskylduna fyrir áramót gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!



Fjölskyldan

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

Ávinningur fjölskyldunnar getur orðið umtalsverður:

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla til skilvísra viðskiptavina.
- 5% endurgreiðsla á öllum tryggingaiðgjöldum árlega hjá Verði Íslands-tryggingu. Komi til tjóns skerðir það ekki endurgreiðslufríðindin.*
- Fyrir 80.000 króna sjálfsábyrgð á kaskótryggingu bifreiða hjá Verði Íslandstryggingu, þarf aðeins að greiða 45.000 krónur komi til tjóns.
- Tómsundastyrkir, vegleg gjöf við skráningu og fleira.

* M.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert